



## HENDUBNAR HENNAR

## MÖMMU.

(Framhald)

Konu hans var dillað! Hún hafði strax orðið skelf, þegar þessi forkunnar fríða frændkona settist að í þúsinu. Hún þurðarmikla sýningarviðhöfn hersins á henni varð brátt umfangsmeiri en hann hafði grunað. Flokkurinn varð sífellt þéttari og stærri, og um tíma eftir konungskomuna líktist þáttakan með. — Hraðinn óx með tölunni, og hersirinn streitist við að fylgja eftir eins og lafmóður hestur. Hann örfaði sjálfan sig með gengdarlausri kæti og fádama áhuga, en aftur úr varð hann; varð ofaukið; — já, beinlínis öðrum í vegi. — Kona hans hló að honum opinberlega. — Hann, sem í útlöndum, og hvenær, sem hann kom því við, stakk giftingarhringnum í vasann — honum var nú sjálfum stungið í vasann eins of tönu vindlahyðli. —

— — — Lestin blés öðru sinni til burtferðar. — Hreyfing í hópnun; klíður af sverðum og sporum, hávarar kveðjur og þandabönd. Ljófingurinn þeirra kvaddi í þúsundasta sinni, örfáum, fjórlegum orðum var skíft á, og miðlað var brosi og háttpróðum beygingum. Hún hafði algert vald yfir hópnun! Ferðafötin stórmóskvöttu, ljósi hatturinn með slæðunni yfir, sem ýmist féll niður eða var kastað upp yfir aftur, hnakkasvipurinn tígulegur og persónan öll skóruleg. — — — Þetta allt í tíðranni var það ekki gullvagn með hvítum dúfum fyrir, sem hún var að stíga upp í? — Í bráðina ekki herra en upp í dýrnar, þar sem móðir hennar stóð. Þaðan brosti hún niður til hershöfðingjans öðru megin og hersins hinum megin og stúlkunnar í kringum þá. — — — Að baki þeirra blöstu við öll hnarreistu efriararskegginn; öll þau ljósu og jörpu, öll þau svörtu og svörtu. Með augnatilliti sínu hleypiti hún lífi í þau öll, þétt og gísín, þau slapandi og þunglyndislegu, ekki síður en í þau hring-snúnu og langteygðu. Inni í þessum löðskógi mintu þeir skegglausu á samskar milliraddir.

— — — „Eg óska unfrúnna góðrar ferðar,” sagði gamli hershöfðinginn. Þessi hreinskilni hestatemjari var of láttlaus til þess að fá sig til að segja nokkuð markvert. — — — „Þakka þér fyrir veturinn, telpa mín!” Það sagði hersirinn með hárra raust. — Viðbótin átti að gefa til kynna, hve föðurlega kumpánalegur hann mætti vera. — — — „Já, ég hef oft kent í brjósti um þig í vetur, frændi,” var svarað, „en nú getur þú hvílt þið í sumar, svo þú náir þér!”

Hersirfrúin hló, og það var merki þess, að allir mættu hlæja.

Öll andlitin snéru upp til hennar — flest hreinleg og góðlyndisleg; — næstum öll höfðu að geyma endurminningu um skemtilegar stundir; öll í sameiningu vöktu endurminning um haust og vetur, með skíða- og skautahlaupum, ökuferðum, dansleikum, heimboðum og söngleikum — um hringdans yfir spegilglæran í eða hjarn, ellegar inn í hljómsælahafi, — glasaglaumi, hlátri og samtölum. Ekki ein einasta minning með bletti eða skugga; — allt frjálst og ótulllegt eins og riddaraþykking. — Nokkrara tilraunir — meðal annars af frænda hennar virðulegum — höfðu þýrlast burt eins og fis. — Hún fann til þakklætisánægju yfir því,

Eg sem hér rita nafn mitt óska að gerast áskrifandi að blaðinu Sölöld sem verði sérstakt blað fyrir börn laust við Voröld.

Eg lofa að senda borgunina þegar fyrsta blaðið kemur út, ef mér þá líkar það og álit verðið sanngjarn. Ef mér líkar blaðið ekki eða álit verðið of hátt þá skal þetta loforð vera ógilt.

Nafn

Pósthus

Fylki

Þetta er aðeins gert til þess að það muni ráðlegt að gefa út Sölöld sérstaka og við væntum eftir að fá þessi eyðublað klist í — og fyllt inn og send sem allra fyrst.

ÚTGAFUNEYND VORALDAR.

sem fram við hana hafði komið frá allra hendi, — — — kom fram við alla, sem fyrir neðan hana stóðu, — og blómin, sem hún hélt á. — En meðvitund um of mikið — allt of stórkostlegt, læddist einatt með. — — — sambandi við það tömleikahæðsla, sem ölli óþolandi sarsauka. Ó, að það væri allt umliðið!

— — — Það var lítið eftir farsedlunum; dýrunum lokað, og hún kom aftur í ljós í glugganum, sem hleypit var niður. Hún hélt á blóminum í annari hendinni; vasaklútnum í hinni; hún grét. — Gluggagættin var eins og ramm um hina skýru bróstmynd hennar; höfuðið með ljósa hattinum og slæðunni yfir stóð fram úr henni.

Hvers vegna í ósköpunum málur enginn síft?

Heraginn bannaði, að nokkur træði sér fram, á meðan yfirmennirnir og konurnar stóðu í kring; hver stóð þar sem hann var niður kominn. Þar eð þeir, sem næstir stóðu, sögðu ekkert, þá þögðu allir. Menn heyrdu grát hennar; sáu brjóstid bifast. — Hún sá allt í þoku og það varð henni allt saman að kvöl. — Gat alt verið með feldu? — Gráturinn hvarf brátt. Einhver miskunnssöm persóna, sem neðan við stóð, og sjálf fann til sarsauka, spurði hvort þær næðu heim til sín í kvöld, og jataði hún því með miklum ákafa. Við það mintist hún móður sinnar og rýmdi til fyrir henni, en hún hafði enga löngun til að sýna sig. — — — Það var jafnvel eitthvað í augnaráði móður hennar sem ölli ótta og óþægindum — hugurinn leiddist frá þessu, því hringing kom hópnun til að hörfa nokkur skref frá lestinni. Kveðjurnar voru endurteknaðar og auknar; hún veifaði vasaklútnum og yfirin í augum hennar kom fram á ný; — nú funduð þeir upp. — — — Alt, sem sýnilegt var af henni, kallaði á þá og þeir á hana; þeir fylgdu eftir. Því nú voru allir ungu liðsforingjarnir orðirnir forsprakkar! — Nú komu annarskonar tilfinningar í ljós: þeir kvöldu og hröpuðu; kvöldu aftur og fylgdu lestinni. — Klíðurinn af lestum og sporum, litaskiftin, handatilturirinn og gangþýssinn gerði hana eins og ölvada. Hún hallaði sér út yfir gluggakistuna og veifaði til þeirra og þeir til hennar — en hraðinn óx brátt um of; nokkrir gálausir unglingar hlupu á eftir, hinir stóðu kyrrir — stóðu eftir inni í reykjarmekkinum og stundu. — Vasaklúturinn hennar sást eins og dúfa á dimmu skýi.

Þegar hún snéri sér við aftur þurfti hún að eiga einhvern að, en mundi eftir augum móður sinnar; voru þau óbreytt enn þá? — Já.

Þá lét hún sem hún væri hvorki í hita né æsingi. Hún tók af sér hattinn og lagði hann frá sér. En augnaráð móður hennar hafði vakið það afturkast, sem bjó um sig í henni sjálfri. Andstaðar tilfinningar blessuðu upp; hún vildi dyljast þess; vildi reyna að ná jafnvægi sínu aftur, og lét því fallast á bekkinn, andspænis móður sinni, og litlu seinna lagði hún sig alveg út af. Rétt á eftir heyrði móðir, ag hún grét, sá það líka á því, hvernig bakið hreyfðist.

Að litilli stundu löðinni varð dóttirin vör við, að móðirinn kom við höfuð hennar með berri hendinni; hún var á láta kódda undir það. Þetta hafði góð áhrif á finna að móðirinn vildi að hún svæfi — það eitt sefaði hugann. — Já, hún þurfti nauðsynlega að sofa. — Og fám mínútum seinna var hún í fasta svefni.

## II.

Áin rann í stórum bugðum. Frá syðri bogaglugganum á gestgjafahúsinu horfðu mæðgurnar á farveg hennar gegnum hrisið og birkiskóginn. Sumstaðar hvarf hún sjónum, en kom svo í ljós á ný, og að síðustu var hún óslitin eins langt og augað eygði.

Yfir á stöðinni drógu menn vöruvagnana. Að baki gistiðúsinn var myllan, verksmíðjan og sögunarvélarinnar; þung högg og dyngkir heyrðust og fossljóðið sjálf í fjarska. Upp úr því öllu tóku hin skerandi hljóð í borðviðn- um, í hvert skifti sem sögin gekk í gegnum hann. Þetta var ein af bestu skógasveitun- um; hálsarnir voru dökkir af greniskóg, eins langt og þær gátu séð, og það var óraleið, því dalurinn var beinn og breiður.

— „Góða, klukkan er orðin 7. — Hvað er orðið af hestunum?”

— „Eg hef gert ráð fyrir, að við gistum hér í nótt, og færum svo sneuma í fyrramálið.”

— „Gistum hér, mamma?” — Hún snéri sér undrandi að móður sinni. — „Eg vildi helzt tala við þig í kvöld.” — Dóttirin varð vör hins sama í augnaráðinu sem við burtförina úr Kristjanu —, hún roðaði. Svo snéri hún sér inn að stofudyrunum.

— „Já, eigum við ekki heldur að ganga út,” — móðirinn lagði höndina á öxl hennar.

Skömmu seinna voru þær komnar niður að ánni. Veðrið var dálítið tvisýnt, og við það var litlurinn á ökrum og hlíðum þungri og dekkri, og ekki laust við beyg í meðvitundinni. Það bar ilm af trjáni og engjum og ánnurinn smaug inn í sig þetta.

— „Það, sem ég ætlaði að tala um við þig, var fæðir þinn.”

(Framhald).

## Smali og Flekkur.

Þegar ég átti heima á Íslandi átti ég tvo hunda samtímis; annar hét Smali en hinn Flekkur. Smali var eldri, og átti ég hann fyrst um fiman ár áður en ég eignaðist Flekk; fékk ég til að venja hann við féð með Smala áður hann yrði of gamall. Smali var hundur ágætur, og hinn lærði flestar listir Smala.

Eg ætla svo að segja ykkur fáeinar smá- sögur af þessum hundum, ef Sölöld leyfir rúm fyrir þær.

## I.—Smali.

Það er einkennilegt hve nákvæmur skil- ingur hundsins getur orðið fyrir hugsun mannsins, einkanlega ef sami maður stjórnar hundinum um langan tíma; það lítur svo út, sem samveru tími manns og hunds, sé náms tími fyrir hundinn, því hundurinn lærir ávallt að skilja manninn betur og betur.

Eg eignaðist Smala, þegar hann var öftur- litill hvölpur; hann gat ekki fylgt mér; þó var hann stutt. Þetta var í apríl mánuði. Eg hafði hann við lambær um vorið. Það er talinn besti tími að venja hunda á Íslandi. Ún haustið hafði ég hann með mér til kaup- staðar við fjárrekstur. Á Íslandi er fé rekið til kaupstaðanna á haustin til slátrunar. — Já- ja, ferðin gekk þolandi, og hrepti ég þó hið vestra illviðri; regn og rok. Seppi var hinn ötulasti við reksturinn og fyrir hans aðstoð kom ég fénu áfram. Eg hafði um dagsdvöl í kaupstaðnum (bænum, sem hér er Kallað). Þegar ég svo að morgni lagði af stað til heim- ferðar, varð ég þess var að seppi var horfinn. Eyddi ég dálitlum tíma að leita að hundinum, en fann ekki. Þótti mér ver farirð en heima set- ið fyrir seppa minn, og varð svo búðið að standa. Eg lýsti eftir honum en fékk enga vitnesku. Þannig leið fram um útmánuði, og hundurinn, sem ég hafði verið að lýsa um haustið og veturinn var geymdur hjá bónda í annari sveit. Við vorum aðskildir með há- um fjöllum og illum yfirferðar, jökulum og snjó, svo ekki var tiltækilegt að nálgast seppa minn að svo stöddu. En svo stóð á að for- eldrar mínir ætluðu að flytja búferlum það vor í sveit þessa, og afreði ég, því að láta Smala eiga sig til þess ég kæmi þar.

Eigi leið svo dagur að ég hlakkaði ekki til samfundanna, og þó einkum að reyna minnis- gáfu Smala, þar sem hálti ár var umliðið frá síðustu samveru. Gat það verið að hann myndi eftir mér? Var ekki hundurinn aðeins skynlaust dýr, eftirvæntingarlaust? Tíminn varð að leysa úr því.

Eg var sá fyrsti sem fór til nýja bústaðar- ins; rak eg 120 fjár, og átti að geta þess þar til hitt fólkíð kæmi.

Mitt fyrsta verk var að heimsækja Smala minn, og var hann úti þegar ég kom þar. Snöggvast horfði hann á mig án þess að haf- ast að. Um leið og ég kallaði „Smali!” var hann kominn upp um herðar mér, og voru fagnaðarlætin svo mikil að um fríð var ekki að ræða fyr en ég sagði honum að hætta. Eg gerði það til reynslu að kalla ekki á hann þegar ég fór, en þess þurfti ekki heldur, því Smali kom, og skildi hann ekki við mig eins lengi og möguleikar leyfðu okkur að vera saman.

Litlu vinir! Munið, að hundurinn ykkar man eftir ykkur, jafnvel þó ár líði svo hann sjái ykkur ekki. Sá tími getur því ver lang- ur kvalatími fyrir hundinn ykkar ef þið hafið verið góð við hann. Margar sannar sögur eru fyrir hendi, sem sanna það.

## II.

Það var um sumarið á engjaslett, sem kallað er heima, að ærnar voru hafðar í hlíf- um, á einstöku fjalli, þar sem ég átti heima. Fjallið er aðskilið frá öðrum fjöllum (1500 fet á hæð) og eru klettabelti umhverfis það, sem vel tekur í miðjar hlíðar á hæðina, og ná þau all leið upp á topp fjallsins. Kletta- beltí þessi eru vafin grasi mjög ljúffengu öllu sauðfé, og sækir fé því ákæft í grasið. Um morgun einn, þegar við fórum á engjar, höfð- um við Smala með okkur, til að láta hann reka ærnar heim. Þegar við komum á móts við ærnar, sendum við Smala af stað. Svo vildi

til, að ærnar urðu varar hundsins, áður en heppilegt var, og stukku því sumar af heim inn á einn klettastallinn, í öfuga átt við heim- leiðina, en gátu ekki komist af stallinum nema fara sömu leið til baka. Seppi skildi þetta og gerði því hverja tilraunina á fætur annari að ná ánum af stallinum, með því að hlaupa fyrir neðan hann og á öðrum stalli fyrir ofan, en allt var árangurslaust; ærnar hreyfðu sig ekki. Við gerðum stírkæðar tilraunir að koma hundinum á eftir ánum, enda þótt þær stéfnu með því í öfuga átt, en hann lét sig ekki. Varð ég svo að fara að ná heim út af stallinum, og seppi var Smala minn með þar heim.

(Framhald).

## IVENSKONAR BLOM.



Drottinn skreytir skóg og völl, skapar fuglahljóminn; börnin hans um eilífið öll eru fögru blómin.

Góðu börnin úti öll elska fuglahljóminn; skoppa létt um skóg og völl, skoða fögru blómin.

Blænum loftsinns bláa höll blandar fuglahljóminn; vermir sól, og vorið öll vekur fögru blómin.

Sorg og lífsins fanna fjöll flýja barna róminn. Góðu börnin eitt og öll eru mannlífs blómin.

Ljósins guð í lífsins höll lánar barna róminn, góðu börnin á hann öll eins og fögru blómin.

## SKRÍTID



Ha, ha, ha, ha, ha, Hler hún litla Vala, ha, ha, ha! Fyrir fáum árum fanst hér engin Vala, svo kom hún í heiminn, hún er farin að tala, hún Vala, ha, ha, ha.

Hna, hna, hna, hna, hna! Hneggjar litli Gráni, hna, hna hna! Fyrir fáum árum folald var hann lítið, hann er nú orðinn hestur, hvað þetta er skrítið já, skrítið, hna, hna hna!

Vaff, vaff, vaff, vaff, vaff! Vöggur litli geltir, vaff, vaff, vaff! Fyrir einu ári alveg var hann blindur, er nú orðinn hundur, alsjáandi og syndur, já, syndur, vaff, vaff, vaff!